

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 13. nóvember 2018.

Samstarf um sundlaug við Hrafnistu í Hafnarfirði

Frá árinu 1977 hefur Sjómannadagsráð starfrækt hjúkrunarheimili Hrafnistu við Hraunvang hér í Hafnarfirði. Þessi blómlega starfsemi eins stærsta hjúkrunarheimilis landsins samanstendur af rúmlega 200 hjúkrunar- og dvalarrýmum ásamt 26 dagþjálfunarrýmum. Í nágrenninu er svo fjöldi íbúða, sem ætlaðar eru fyrir aldraða.

Sundlaugin á Hrafnistu í Hafnarfirði opnaði á níunda áratug síðustu aldar. Laugin er rúmlega sextán metrar að lengd og sjö metrar að breytt. Við laugina er lyfta sem auðveldar þeim sem eiga erfitt um gang að komast í og úr lauginni. Auk sundlaugar eru heitir pottar við sundlaugina.

Til að nýtast sem skyldi var laugin jafnan höfð mun heitari en venjulegar sundlaugar og var henni strax vel tekið af íbúum Hrafnistu sem og íbúum í nágrenninu.

Þegar velferðarráðuneytið gaf út kröfulýsingu hjúkrunarheimila, samhliða rammisamningi Sjúkratryggina Íslands um starfsemi hjúkrunarheimila í lok árs árið 2016, var ljóst að engar sérstakar fjárveitingar verða ætlaðar til reksturs sundlauga á hjúkrunarheimilum. Jafnframt er raunin sú að íbúar hjúkrunarheimila þufa á það mikilli þjónustu að halda að aðeins örfáir þeirra geta notað sundlaugar. Aðsókn hefur minnkað mikið á síðustu árum og flestir notendur í dag eru því aðrir aldraðir en hjúkrunarheimilið sinnir, svo sem gestir í dagdvöl og íbúar í nágrenninu.

Rekstur sundlaugar á hjúkrunarheimili er því varla raunhæfur kostur lengur en hann er amk. um 10 milljónir á ári.

Með erindi þessu óska Sjómannadagsráð og Hrafnista eftir viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um hvort sveitarfélagið sé tilbúið til að koma að framtíðarrekstri, svo sundlaugin geti áfram þjónað sínum tilgangi sem er að bæta lífgæði aldraðra.

Virðingarfyllst,



Hálfdan Henrysson
Sjónarformaður
Sjómannadagsráðs



Pétur Magnússon
Forstjóri
Hrafnistuheimilanna